

ÍSLE3CD05

Íslenskir dægurlagatextar

Áfanginn er kjörgreinaráfangi og valáfangi á 3. þrepi.

Undanfarar:

ÍSLE2BB05 og ÍSLE2AB10.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum verður farið yfir víðan völl í sögu sönglagatexta á íslensku, allt frá hinum vinsælu rímum fyrri alda til rapptexta nútímans, frá sígilda sönglaginu til nýjasta smellsins. Hvað gerir góðan söngtexta góðan? Skiptir það einhverju máli að textinn sé góður? Um hvað, eftir hverja og fyrir hverja eru textarnir? Hver er þáttur MH-inga í íslenskri dægurlagaflóru?

Námsmat:

Áfanginn er próflaus en fjölbreytt verkefni, munnleg og skrifleg, verða unnin á önninni og munu nemendur eiga sinn þátt í að móta vinnulag áfangans enda er rík krafa gerð um þátttöku og samvinnu.
